

# STARFSLEYFI

## Fannborg ehf.

Malar-, og sandnám, vikurnám

efnistökusvæði E39 og E40

Ásgarði, Kerlingarfjöllum, fastanr. L166712

846 Flúðir

Nafn og kt. rekstraraðila: Fannborg ehf., kt. 550764 0169

Heimilisfang: Norðurljósavegi 5, 241 Grindavík

Útgáfudagur: 18. ágúst 2021

Gildir til: 18. ágúst 2033

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir efnistöku,  
dags. 18. ágúst 2021**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 18. ágúst 2021



Sigrún Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR efnistöku

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir vinnslu jarðefna úr malar-, vikur-, grjót- og sandnámum, þ.m.t. hörpun og grófvinnslu efnis.  Starfsleyfi þetta gildir fyrir efnistöku á skilgreindum efnistökusvæðum í Ásgarði í Kerlingarfjölum sem merkt eru E39 og E40 í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Áætlað heildarmagn efnis sem tekið verður er allt að 15.000m <sup>3</sup> úr námu E39 og allt að 5.000m <sup>3</sup> úr námu E40.	550/2018 5. gr.	
1.2	Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.3	Starfsleyfishafi skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykktu notkun fasteigna. Jafnframt skal starfsleyfishafi sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats, hafi það farið fram, fyrirmælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessa við frágang efnistökusvæðis.	550/2018 6. gr.	
1.4	Starfsleyfishafi skal veita heilbrigðiseftirliti upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirfara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðiseftirlits, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

1.5	Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi er lögð niður eða eigendaskipti verða. Starfsleyfishafa er jafnframt skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði rekstraraðila í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.	550/2018	
1.6	Starfsleyfishafi skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti.	550/2018 8. gr.	
1.7	Starfsleyfishafi hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjöldi efnistökuáætlana, hnitsett staðsetning, efnistegund og vinnslumagn.</li> <li>• Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í námum sem starfsleyfið nær til.</li> <li>• Fjöldi olíutanka, olíuáfyllingarsvæða, olíuskilja, magn olíuefna og rýmun.</li> <li>• Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.</li> <li>• Notkun, flutning og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.</li> <li>• Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.</li> </ul> Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.	550/2018, 8. gr. og 57. gr.	

## 2. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Olíuáfyllingar og olíuskripti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur ef aðstæður leyfa samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.	884/2017 og rgl. nr. 550/2018	

2.2	Gæta skal ítrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni hellast niður. Verði vart við olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráði við að fjarlægja hana strax, skal slökkviliði þegar gert viðvart í neyðarsíma 112. Um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni gilda lög um umhverfisábyrgð.	884/2017 59. gr., rgl. nr. 550/2018 55. gr., lög nr. 75/2000 og lög nr. 55/2012	
2.3	Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.	884/2017	
2.4	Olíutankar skulu ávallt vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykka olíuskilju. Olíutankar skulu búnir yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingarvörn. Tryggt skal að olía renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti. Afla þarf samþykkis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir, staðsetningu, stærð og frágangi olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingsplani og olíuskilju. Olíubirgðatankar stærri en 10.000 lítra þurfa sér úttekt Umhverfisstofnunar.	884/2017	
2.5	Díselrafstöðvar skulu staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.	884/2017	
2.6	Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar af smurólíum á svæðinu.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
2.7	Úrgangsolía, notaðar olíusúr og rafgeymar eru spilliefni sem á að fara með í viðurkennda förgun. Geymsla á þessum efnum ásamt málningu, málningarafgöngum og smurólíum og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dyra.	806/1999 5. gr.	
2.8	Fyrir olíubirgðatanka og lagnir gilda ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017, með síðari breytingum.	884/2017	
2.9	Verktakar skulu ekki geyma olíubirgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnslu er lokið.	550/2018 8. gr.	

### 3. AÐKOMA OG FRÁGANGUR

Rgl.nr.

Uppfyllt

3.1	Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	737/2003 og rgl. nr. 550/2018	
3.2	Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: Námur – efnistaka og frágangur, sem umhverfisráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002	550/2018	
3.3	Flytja skal allan úrgang sem fellur til við starfsemina jafnóðum frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð á námusvæðum.	737/2003 11. gr.	
3.4	Starfsleyfishafi skal sjá til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.	737/2003 11. gr.	
3.5	Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að foggjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.	724/2008 og rgl. nr. 787/1999	
3.6	Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.	8/2009	
3.7	Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gegnum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðiseftirlit telur þörf á.	796/1999	
3.8	Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé fjarlægður og/eða meðhöndlaður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr.	
3.9	Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags.	798/1999 5. gr.	
3.10	Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.	510/2018	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 75/2003 um brunavarnir, lögum nr. 55/0212 um umhverfisábyrgð, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):**

Selfossi, 18. ágúst 2021

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Ágúst Óskar Sigurðsson,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

**Fannborg ehf.**

kt. 5507640169

**Norðurljósavegi 5,  
241 Grindavík**

vegna efnistöku á efnistökusvæðum E39 og E40 í Ásgarði í Kerlingarfjöllum í Hrunamannahreppi.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 13. júlí sl. umsókn Páls Gíslasonar, kt. 1802537699, f.h. Fannborgar ehf., kt. 5507640169, um starfsleyfi fyrir efnistöku á efnistökusvæðum E39 og E40 í Ásgarði í Kerlingarfjöllum í Hrunamannahreppi.

Um er að ræða nýtt starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst þann 14. júlí sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 19. júlí sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita Árnæssýslu. Þann 17. ágúst sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

### Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir efnistöku á vegum Fannborgar ehf. á



heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 19. júlí sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 16. ágúst sl.

### **3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

### **4. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Eftirtaldar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

- a) Í gr. 1.1. var bætt inn númerum þeirra efnistökusvæða sem starfsleyfið tekur til eins og þau eru skilgreind í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, auk upplýsinga um áætlað magns efnis sem tekið verður úr hvorri námu fyrir sig.
- b) Í gr. 3.8 var tekin út tilvísun í leiðbeiningar Umhverfisstofnunar nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðveg og í staðinn sett tilvísun í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

### **5. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Í 6. gr. samþykktar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 24. október 2019, kemur fram að framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins sé heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. án þess að til formlegrar afgreiðslu heilbrigðisnefndar hafi komið, að því gefnu að engar athugasemdir hafi borist við auglýst starfsleyfi.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfseminna verið gefið út til 12 ára, í samræmi við ofangreint.

### **6. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 18. ágúst 2021.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Agúst Óskar Sigurðsson,  
heilbrigðisfulltrúi